

Ed.

646. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á sölu íslenskra landbúnaðarafurða.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að láta rannsaka sölu, flokkun og notkun íslenskrar ullar erlendis.
2. Að gera sitt ítrasta til þess að fá uudanþágu frá þeim innflutningshömlum,

sem nú eru á innflutningi lifandi sauðfjár til Bretlands, og kynna sjer jafnframt möguleikana fyrir slíkum innflutningi til annara landa.

3. Að fá til þess hæfan mann að leitast fyrir um markað fyrir íslenska hesta í Svíþjóð, gera þá kunna þar og standa fyrir sölutilraunum þangað.